



SUÐURNESJABÆR

Námsvist utan lögheimilissveitarfélags Reglur Suðurnesjabæjar

Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags frá 25. janúar 2013 og reglum sambandsins vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags frá 27. janúar 2012.

1. gr.

Nemendur á grunnskólaaldri stunda að jafnaði nám í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að nemandi hefur skólagöngu í Suðurnesjabæ skal hann eiga rétt á að ljúka námi í skólanum til loka skólaársins án þess að til komi greiðslur vegna þess frá hinu nýja lögheimilissveitarfélagi.

Afgreiðslufundur fræðsludeildar Suðurnesjabæjar getur í samráði við skólastjórnendur í bænum heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í skólum bæjarins sé þess óskað, enda liggi fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.

2. gr.

Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um námvist fyrir grunnskólanemendur í grunnskóla utan Suðurnesjabæjar hjá fræðsludeild. Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár og skal það gert fyrir 15. apríl ár hvert fyrir komandi skólaár.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við forsjáraðila og/eða barnavernd. Starfsmaður fræðsludeildar upplýsir umsækjanda um forsendur þessara reglna þegar umsókn berst. Niðurstöðu umsókna skal kynna eins fljótt og unt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

3. gr.

Bæjarstjórn og fræðsluráð heimila deildarstjóra fræðsludeildar Suðurnesjabæjar að afgreiða umsóknir um skólavist í öðru sveitarfélagi að höfðu samráði við skólastjóra viðkomandi skóla og afgreiðslufund fræðsludeildar.

Deildarstjóri fræðsludeildar skal staðfesta greiðsluskyldu bæjarins vegna skólavistar nemenda, að því gefnu að afgreiðsla rúmist innan fjárhagsáætlunar, sbr. 6. gr.



SUÐURNESJABÆR

Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrár Sambands íslenskra sveitarfélaga um grunnskóla og leikskóla sem gefnar eru út í upphafi hvers skólaárs. Þurfi nemandi á sérkennslu og/eða nýbúakennslu að halda skal um það samið sérstaklega.

Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á að innrita nemanda í viðtökuskóla og Suðurnesjabær sendir staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

4. gr.

Suðurnesjabær heimilar námsvist í öðru sveitarfélagi á eftirfarandi forsendum:

1. Þegar nemandi þarf sérhæft kennsluúrræði sbr. 17. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og sérhæft kennsluúrræði er ekki til staðar í Suðurnesjabæ.
2. Þegar nemanda er ráðstafað í fóstur samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002.
3. Þegar nemandi fylgir foreldri/forsjáraðilum sem stunda háskólanám sem krefst tímabundinnar búsetu utan Suðurnesjabæjar enda teljist námið lánshæft að mati Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
4. Þegar félagslegar forsendur nemandans kallar á slíka ráðstöfun.

5. gr.

Ákvörðun á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 4. gr. er kæranleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Rísi ágreiningur um afgreiðslu umsóknar á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 4. gr. er heimilt að skjóta málinu til fræðsluráðs.

6. gr.

Bæjaryfirvöld skulu í fjárhagsáætlun hvers árs áætla fjármagn til þess að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af framkvæmd reglna þessara. Ef sýnt er að umsóknir muni kosta meira en rúmast innan fjárhagsáætlunar ber afgreiðslu- fundi fræðslumála að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun hjá bæjarráði Suðurnesjabæjar.

7. gr.

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags frá 25. janúar 2013 og reglum sambandsins vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags frá 27. janúar 2012.

Reglur þessar eru staðfestar á fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar 7.01. 2020.